

„Það er einmitt eins og þér segið“, sagði hinn síðari; „og það eru þessi smáslys, sem aldrei sjást fyrirfram, en sem stöðugt eru að koma fyrir, sem eru orsök í að svo margir glæpamenn eru hengdir, svo margir settir í fangelsi, og sem gera veginn til frægðar svo auðfarin fyrir leynilögreglumennina. Það er aðal-atriðið í öllu saman. Það er ójafn leikur, þessi leikur milli glæpamannsins og leynilögreglumannsins.“

„Ég skil ekki til hlftar hvað þér eruð að fara“, sagði sá er byrjað hafði talið.

„Ég skal halda fyrir yður ræðu um glæpi“, sagði hinn síðari. „Takið nú eftir! Í vanalegum starfsmálum er það heili sem berst við heila. Læknirinn, lögfræðingurinn, o. s. frv. berst við starfsbróður sinn, og hver þeirra sem ætlar sér að vinna í skeiðhlaupinu til auðs, verður að sýna að hann hafi betri heila. Kaupmaðurinn keppir við aðra kaupmenn, sem allir eru eins fimir eins og hann er sjálfur. Dannig gengur það til alt frá lögfræðingnum niður að lásasmiðnum, frá prestinum niður til húsamálarans. Það er heili sem keppir við heila, og ávöxturinn af þessari samkeppni eru hinar fullkomnustu hugsanir. Dannig fer vísindum ráðvands lífernir áfram.“

„Hvað kemur þetta við glæpamönnum?“ spurði sá er byrjað hafði samtalið.

„Bíðið við; látið heimspekinginn kenna yður á sinn eigin hátt“, sagði hinn. „Það er alt öðru máli að gegna með glæpamanninn. Hann verður að keppa